



Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts

b/t Heimir Snær Guðmundsson  
starfsmaður íbúaráða  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Ráðhús Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2020

**Svar við fyrirspurn fulltrúa íbúsamtaka í íbúaráði Árbæjar og Norðlingaholts - Umhirða grenndargáma**

Á fundi íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts 14. janúar 2020 lagði fulltrúi íbúsamtaka í ráðinu, Elvar Örn Þórisson fram svohljóðandi fyrirspurn sbr. 6. lið fundargerðar:

„Óskað er upplýsinga frá Reykjavíkurborg um umhirðu grenndargáma og losun þeirra í ljósi þess að þessu er ábótavant“

Reynt er að fara að lágmarki tvær umferðir um grenndarstöðvar í viku og hreinsa rusl sem skilið er eftir við gámana. Auk þess er brugðist við ábendingum sem koma inn á ábendingavef jafnóðum. Losunartíðni gáma sem eru á vegum Reykjavíkurborgar er að finna í töflu að neðan. Gámar undir fatnað og skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir eru á vegum Rauða krossins og Grænra skáta og sjá þessir aðilar um tæmingu þeirra.

<b>Árbær</b>	<b>Pappír og pappírsefni</b>	<b>Plast</b>	<b>Gler</b>
Rofabær/Bæjarbraut	2 sinnum í viku	2 sinnum í viku	Mánaðarlega
Rofabær 37	2 sinnum í viku	Vikulega	Mánaðarlega
<b>Selás</b>			
Selásbraut	2 sinnum í viku	Vikulega	Mánaðarlega
Viðarás	Vikulega	Vikulega	Ekki kominn gámur
<b>Norðlingaholt</b>			
Norðlingabraut 1	2 sinnum í viku	Vikulega	Mánaðarlega
Norðlingbraut 14	Vikulega	Vikulega	Ekki kominn gámur

Virðingarfyllt

*Friðrik Klingbeil Gunnarsson*

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

skrifstofa umhverfisgæða

